

# Kiwanis



Lykill að lífi  
kiwanis.is

Umdæmið Ísland-Færeyjar

Landssöfnunin Lykill að lífi K- dagur 10. – 14. maí 2011



*Forseti Íslands hr. Ólafur Ragnar Grímsson, flytur ávarp í Gamlabíó 10. okt. sl. á Alþjóða Geðheilbrigðisdeginum og þakkar Kiwanisfélögum fyrir öflugt starf til stuðnings við geðheilbrigðismál á Íslandi með sölu K-lykilsins.*

## Lokaskýrsla formanns K-dagsnefndar til 2. fundar umdæmisstjórnar Kiwanis laugardaginn 12. janúar 2013 haldinn í Kiwanishúsinu að Helluhraunin 22 Hafnarfirði

Umdæmisstjóri og góðir embættismenn, skýrsla mín er lokaskýrsla og er meðfylgjandi lokauppgjör og útskrift á öllum færslum á reikningi K-dagsnefndar nr. 4440 í Landnsbankanum og millifærsla af reikningumum yfir á reikning Umdæmsins nr. 550539 í Sparisjóði Siglufjarðar **kr. 1.219.890.**

Til upplýsingar þá kom fram viðbótargreiðsla frá Elliða upp á kr. 186.000 sem fyrir mistök höfðu orðið eftir inn í gögnum sem voru í vörslu ekkju Grétar Hanessonar og sendi ég henni jólakveðjur frá K-dagsnefndinni fyrir trúmennsku við Kiwanis.

Þannig að lokastaða við uppgjör er kr. 1.219.890.

Á umdæmisþingi í Reykjnesbæ var gerð grein fyrir stöðu K-dagssöfnunar og við drög að uppgjöri eftir áramót var staðan á reikningi eftir afheningu styrkja 10. október 2011 var staðan rúmlega kr. 1.728.000 en ákveðið hafið verið að skilja eina milljón eftir til næstu K-dagsnefndar og var samþykkt að að skipta kr. 700.000 jafnt á milli BUGs og Miðstöð foreldra og barna og var ákveðið að afhenda viðbótarstyrkina 10 október.

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

**Landssöfnunin Lykill að lífi K- dagur 10. – 14. maí 2011**

Samkoma var í Gamlabíói 10.október í tilefni alþjóðlega geðheilbrigðisdagsins og á samkomunni hélt formaður K-dagsnefndar tölu og kallað til fulltrúa BUGLs og Miðstövar foreldra og barna og fékk forseta Íslands hr. Ólaf Ragnar Grímsson sem jafnframt er verndari K-dags og Hjördísi Harðardóttur umdæmisstjóra til þess að afhenda styrkþegum innrömmuð gjafabréf og fékk hvor styrkþegi kr. 350.000 sem geriir að hvor styrkþegi hefur fengið samtals kr. 8.850.000 auk Lautarinnar á Akureyri. kr. 5.500.000.

Í lok samkomunnar flutti Hr. Ólafur Ragnar Grímsson ræðu þar sem hann fór fögum orðum um Kiwanishreyfinguna og það fórnfúsa starf sem Kiwanis hefur unnið fyrir geðverndarmál á Íslandi

Fulltrúar K-dagsnefndar og fulltrúar umdæmisstjórna mættu á samkomu hjá Miðstöð foreldra og barna sem voru að taka í notkun nýtt húsnæði í Síðumúla í Rvík.

## Hér fylgir með stutt umsögn frá BUGL



Vestfjarðabruin - Dagskrá 2011-2013. Samvinnuverkefni BUGL og sérfræðiþjónustu á Vestfjörðum. Styrkt af Kiwanishreyfingunni. Framkvæmd er þegar komin á fullt og haldin hafa verið fræðslufundir og leiðbeiningar og þjálfunarnámskeið með fagfólki frá BUGL og sérfræðiþjónustu á Vestfjörðum. Þökk sé Kiwanishreyfingunni fyrir öflugan styrk sem gerði vekefnið að veruleika.

## Hér fylgir með stutt umsögn frá Miðstöð foreldra og barna



MIDSTÖÐ FORELDRA OG BARNNA

Við höldum áfram á sömu braut. Tilvísunum til miðstöðvarinnar hefur fjölgað jafnt og þétt. Við höfum flutt okkur í nýtt húsnæði í húsi SÍBS í Síðumúla sem gjörbreytir öllum fyrir okkur og okkar skjólstðinum. Jafnframt eigum við í viðræðum við Velferðarráðuneytið um hvernig megi finna starfseminni stað innan kerfisins í framtíðinni. Það má því segja að framtíðin sé björt, þó að verkefni séu oft strembin, en við værum ekki komnar svona langt nema fyrir stuðning Kiwanis samtakanna. Fyrir það þökkum við enn og aftur.

K-dagsnefnd 2011 hefur lokið starfi og næstu K-dagsnefnd velfarnaðar í starfi sínum sem er eitt af stærstu verkefnum Kiwanishreyfingarinnar á Íslandi og heitum fullum stuðningi og aðstoð við næsta verkefni K-dags.

F.h. K-dagsnefndar 2011

Gylfi Ingvarsson formaður